

# Íslenskur sjávarútvegur - frá auðlind til neytenda

## Hvar verða verðmætin til? (ígildi 6 ECTS eininga)

- Í samstarfi við Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri – í fjarkennslu

Námskeið á háskólastigi sem sniðið er fyrir starfsmenn fyrirtækja og stofnanna sem tengjast sjávarútvegi eða hafa áhuga á slíkum störfum. Takmarkaður fjöldi þátttakenda.

**Lýsing:** Farið verður í sjávarútvegsferilinn, frá auðlindinni að disk neytenda í þessari röð. Fjallað verður um verðmætasköpunina á hverju stigi ferilsins og þáttum sem hafa þar áhrif á, um helstu tegundir í hafinu við Ísland, samspil nytjastofna, haffræðilega ferla í hafinu og hugsanlegar breytingar þar á vegna veðurfarsbreytinga. Umfjöllun verður um helstu veiðarfæri, skip og þróun þar á síðustu ár. Fjallað verður um vinnslu sjávarafurða og helstu þætti sem tengjast fiski sem matvæli, um flutningsleiðir fiskafurða og markaði. Umfjöllun verður um mikilvægi sjávarútvegs fyrir Íslendinga og stöðu Íslensks sjávarútvegs á heimsvísu. Nemendur verða fræddir um það hvar hægt er að finna tölulegar upplýsingar um sjávarútveg af netinu. Áhersla verður á að tengja námið við það nýjasta sem er að gerast í íslenskum sjávarútvegi og þróun markaða erlendis.

**Kennslutilhögun:** Námskeiðið er 36 kennslustundir. Kennt verður á miðvikudögum frá 7. september til 30. nóvember kl. 17:00-19:40. Kennsla fer fram í fyrirlestrum, verkefnavinnu og umræðum. Nemendum gefst tækifæri til að eiga samskipti sín á milli og við kennara á innri vef háskólans (Moodle) og sækja þangað kennsluefni.

**Námsmat:** Mæting í tíma (75%) sem gildir 10% og verkefni sem gilda 90%.

**Einingar:** Námskeiðið samsvarar 6 ECTS einungum. Hægt er að fá einingarnar metnar í nám í sjávarútvegsfræðum, en þá þarf að sækja um það sérstaklega þegar sótt er um háskólanámið. Þá þarf einnig að taka próf í lok áfanga og greiða fyrir það sérstaklega.

**Kennarar:** Hreiðar Þór Valtýsson lektor og ýmsir kennarar á Viðskipta- og raunvísindasviði Háskólans á Akureyri.

**Verð:** 72.000 kr.

**Skráning:** Til 20. ágúst. Frekari upplýsingar á [unak.is/simenntun](http://unak.is/simenntun) og í sínum 4608090/460809.